



## AÐALFUNDUR ÆSKUNNAR

Aðalfundur Æskunnar verður haldinn þann 24. mars næstkomandi kl. 20:00 á Bakka í Valsárskóla.

Dagskrá fundar er:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla formanns
3. Ársreikningar
4. Stofnun píludeildar
5. Stofnun hjólreiðadeildar
6. Kosning til stjórnar
7. Önnur mál.



---

## NÆSTU RUSLADAGAR

18. mars - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp  
1. apríl - Almenn/lífrænt sorp  
15. apríl - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp



### Ástarsorg

Erla mín, Erla mín  
viltu verða Perlan mín.  
Við getum flogið saman  
og það verður rosa gaman.  
Ég labbaði með þér upp á Klettafjallsins brún.  
Ég horfði á fallegu augu þín og sagði þarna er tún.  
Ég bað þín  
sagði viltu verða mín  
þú neitaðir  
og leitaðir burt.  
Á meðan var ég í ástarsorg.

Jóel Árnason

### Morguninn

hátt hljóð um morguninn,  
síminn öskrar,  
mamma segir mér að vakna,  
ég geng í rútuna,  
hún heldur á mér í skólann,  
ég sest niður hjá sofandi borðinu mínu,  
ég er ekki orðinn sprækur.

Markús Ingi Ericsson

## Dagurinn og kvöldið

Í dag brosir sólin til mín  
en á morgun til þín.

Um kvöldið kemur tunglið  
en það er í fýlu.

Ómar Magni Halldórsson

## Martröð

Labba ég inn í dimman skóg  
dimmur hann er.

Lengra sem ég labba  
dimmari og hræddari verð.

Þegar þú stoppar og lítur í kringum þig  
þá munt þú  
vakna úr martröð þinni.

Kristófer Örn Sigurðarson

## Þunglyndi

Þeir sem eru hugulsamastir eru mest brotnir

þeir sem kunna mest eru mest meiddir.

Engin sér þína þjáningu fyrir en hún breytist í reiði.

Utaná brosi ég  
en innaná græt ég.

Þeir sem eru hjálpsamastir eru mest þunglyndir

þeir vilja ekki að neinn þurfi að fara í gegnum

það sem þeir þurftu að fara í gegnum.

Jóhanna Margrét

## FJÁRÖFLUN FYRIR ÚTSKRIFTARFERÐ

Nemendur 8. og 9. bekkjar í Valsárskóla bjóða upp á tvær mismunandi gerðir af hágæða klósettþappír frá Marcal.

Mjúkur og þægilegur pappír sem er 100% umhverfisvænn og enduruninn. Marcal hefur hlotið gæðavottun frá Green Seal®

### **Pakki 1**

2ja laga pappír  
48 rúllur  
506 blöð á hverri rúllu  
**6.900 kr.**

### **Pakki 2**

2ja laga pappír  
36 rúllur  
306 blöð á hverri rúllu  
**4.900 kr.**



Alltaf til sölu-keyrt heim að dyrum.

Hafið samband við:

- Birgi Ingason s. 8641237,
- Lindu Stefánsdóttur s: 8681354 eða
- Kristján Árnason s: 8682376.

---

Ströndungur kemur næst út miðvikudaginn 14. apríl.

Skilafrestur er til kl. 15:00 mánudaginn 12. apríl.

Efni sendist á [sandra.einars@gmail.com](mailto:sandra.einars@gmail.com)